

## Starfsreglur um stuðning í skólum Borgarbyggðar

Börn og ungmenni eiga að fá tækifæri til að þróa með sér jákvæða sjálfsmynd í skólum Borgarbyggðar. Í skólastefnu Borgarbyggðar er lögð áhersla á að ýta undir styrkleika barna og áhugasvið. Einnig að koma eigi til móts við námsstíl hvers barns og nýta til þess skapandi nám, fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsgögn.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 eiga börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, rétt á slíkri þjónustu innan skólans. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun skólastjóra og skólaþjónustu og í samráði við foreldra. Skólaþjónusta Borgarbyggðar veitir ráðgjöf og fræðslu vegna barna ef foreldrar og/eða starfsfólk skólanna telja þess þurfa til að geta veitt börnunum sem besta menntun, uppeldi og umönnun og umhverfi við hæfi. Skólaþjónustan á að stuðla að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna.

Skólastjórnendur eiga að hvetja til umburðalyndis og að einblínt sé á styrkleika barna í skólanum. Kennarar og annað starfsfólk á að koma fram við börn af virðingu og umburðalyndi og hjálpa þeim að koma auga á styrkleika sína og áhugasvið. Fjölskyldan á að hafa aðgang að ráðgjöf og fræðslu til að koma betur til móts við námsstíl barna sinna og vellíðan í skólanum. Skólaþjónustan á að styðja við skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi. Skólaþjónustan veitir starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

### Hlutverk starfsmanna skóla

Markmið með stuðningi í skólum er að leitast við að öll börn og ungmenni fái notið skólagöngu sinnar og fái námstækifæri við hæfi. Nám allra barna skal verið samofið daglegu skólastarfi og skal taka allar ákvarðanir um skipulag og útfærslu náms í samráði við forráðamenn þeirra.

Skólastjóri skal hafa frumkvæði að samstarfi við skólaþjónustu, félagsþjónustu og barnaverndaryfirvöld Borgarbyggðar vegna málefna einstakra barna.

Umsjón með stuðningi í leikskólum hefur sérkennslustjóri en deildarstjóri sérkennslu í grunnskólum. Starfshlutfall þeirra ræðst af stærð skóla. Hlutverk umsjónaraðila er meðal annars að stjórna skipulagningu, framkvæmd og endurmati stuðnings í skólanum ásamt skólastjóra. Einnig annast sérkennslustjóri/deildarstjóri sérkennsluráðgjöf til starfsmanna og kennara skólans ásamt því að vera faglegur umsjónarmaður sérkennslu og stuðnings. Sjá nánar starfslýsingu sérkennslustjóra/deildarstjóra sérkennslu.

## Hlutverk starfsmanna skólajónustu

Starfsmenn skólajónustunnar eru sérkennsluráðgjafi, sálfræðingar, námsráðgjafi, þroskaþjálfari, talmeinafræðingar og aðrir sérfræðingar eftir þörfum hverju sinni.

- ✓ Sérkennsluráðgjafi greinir námstengdan vanda og annast faglega ráðgjöf og stuðning við foreldra, kennara og starfsfólk skóla. Einnig fylgir hann eftir greiningum sérfræðinga með setu í teyllum og tekur virkan þátt í mótun fræðslu fyrir starfsfólk og þróun kennsluhátta.
- ✓ Sálfræðingar sinna börnum í skólum ýmist að beiðni skóla eða forráðamanna. Hlutverk skólasálfræðinga felst í greiningu á vanda barna, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, starfsfólks og til barna.
- ✓ Þroskaþjálfari félagsþjónustunnar situr í teyllum barna með þroskahömlun. Hann veitir starfsfólki skóla ráðgjöf varðandi námsgögn og aðferðir og aðstoðar foreldra að sækja rétt sinn til félagslegrar aðstoðar.
- ✓ Námsráðgjafi stendur vörð um velferð grunnskólanemenda og starfar í þágu þeirra. Hann veitir ráðgjöf varðandi nám, námstækni og námsvenjur.
- ✓ Talmeinafræðingar sinna greiningu og ráðgjöf í skólum vegna barna með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam. Þeir eiga einnig frumkvæði að samstarfi við aðila sem annast sérhæfðari greiningar- og meðferðarúræði á vegum ríkisins á grundvelli sjúkratrygginga vegna barna með alvarleg framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam.

## Beiðni um ráðgjöf og/eða fræðslu um starfshætti

Beiðni um ráðgjöf og/eða fræðslu um starfshætti skólans, barnahópa eða einstaka barn skal berast skólajónustu Borgarbyggðar á þar til gerðu eyðublaði.

## Beiðni um athugun á einstaka barni/nemanda

Beiðni um athugun á einstaka nemanda skal berast skólajónustu Borgarbyggðar á þar til gerðu eyðublaði. Skriflegt samþykki foreldris eða forráðamanns skal liggja fyrir þegar um er að ræða athugun sérfræðings. Í grunnskólum skulu beiðnir afgreiddar til skólajónustu af nemendaverndarráði skólanna. Beiðni skal fylgja niðurstöður þeirra skimana sem gerðar hafa verið innan skólans, einstaklingsáætlun sem unnin er í samráði við foreldra og tillögur skólans um útfærslu stuðnings. Starfsfólk skólajónustunnar funda eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega og fer yfir og afgreiðir beiðnir um greiningu, stuðning og ráðgjöf. Þeim málum sem ekki næsta að vinna með aðkomu starfsfólks skólans og/eða skólajónustunnar getur starfsfólk vísað í annað tveggja stuðningsteyma:

Greiningarteymi í samstarfi Borgarbyggðar við Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem í sitja:

- Barnalæknir á vegum HVE
- Iðjuþjálfari á vegum HVE
- Hjúkrunarfræðingur á vegum HVE
- Sálfræðingur á vegum Borgarbyggðar
- Sérkennsluráðgjafi skóla Borgarbyggðar

Fjölskylduteymi í samstarfi Borgarbyggðar við Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem í sitja:

- Heilsugæslulæknir á vegum HVE
- Hjúkrunarfræðingur á vegum HVE
- Skólahjúkrunarfræðingar
- Félagsráðgjafi á vegum Borgarbyggðar
- Sálfræðingur á vegum Borgarbyggðar
- Náms- og starfsráðgjafi á vegum Borgarbyggðar

Teymin gera tillögur í samstarfi við skóla um hvernig staðið skuli að stuðningi við einstaka barn.

### **Stuðningur við skólann**

Stuðningur við skólann, barnahóp eða einstaka barn getur verið í formi fræðslu og ráðgjafar um starfshætti í skóla margbreytileikans. Einnig getur stuðningurinn verið í formi aðkomu sérkennara. Þar að auki er heimilt að óska eftir fækkun barna á deild/í bekk.

Þegar stuðningur er í formi stöðugildis fyrir leikskólana er stuðst við fjóra úthlutunarflokka sem eiga sér stoð í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks (sjá viðauka).

### **Upplýsingar og meðferð gagna**

Um upplýsingar um börn sem flytjast á milli leikskóla og grunnskóla í Borgarbyggð fer samkvæmt reglugerð nr. 895/2009, um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að upplýsingar berist viðkomandi grunnskóla vegna barna sem hafa notið stuðnings í leikskóla. Æskilegt er að slíkum upplýsingum sé miðlað skriflega með samþykki foreldra á formlegum fundi starfsmanna leik- og grunnskóla, og að sérkennsluráðgjafi sitji þann fund.

Um upplýsingar um börn í grunnskólum fer samkvæmt reglugerð nr. 897/2009, um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir nám og velferð barnsins. Þeir eiga einnig rétt á upplýsingum um börn sín. Foreldrum skal gera grein fyrir því ef skólinn aflar upplýsinga um dvöl barns í öðrum skóla.

Upplýsingar varðandi börn í skólanum eru trúnaðarmál og ber að varðveita öll gögn í læstum hirslum, sbr. þó tilkynningaskyldu í samræmi við Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda, frá 18. desember 2006, sem nálgast má á heimasíðu Borgarbyggðar.

Um alla almenna meðferð gagna um börn í leik- og grunnskólum gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

### **Endurskoðun**

Starfsreglur þessar eru settar með hliðsjón af lögum og reglugerðum um leikskóla og grunnskóla, lögum um málefni fatlaðra og skólustefnu Borgarbyggðar. Reglur þessar skal endurskoða fyrir 1. október 2020.

Reglur þessar voru fyrst samþykktar í fræðslunefnd 24.10.2007, endurskoðaðar í september 2011 og í október 2016.

Endurskoðaðar reglur samþykktar í fræðslunefnd 25. október 2016 og staðfestar í sveitarstjórn 10. nóvember 2016.

## **Viðauki: Flokkun stuðningstíma á leikskólum**

Eftirfarandi flokkun er lögð til grundvallar sérkennslustundum. Miðað er við heilsdagsdvöl barns. Undirbúningstími er innan þess tímamagns sem úthlutað er.

### **Flokkur 1:**

Börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlunar, alvarlegrar þroskaröskunar, verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll, hækjur), verulegrar tengslaskerðingar (einhverfu) blindu, heyrnarleysis eða málhömlunar.

*Tímafjöldi sérkennslu 4-8 tímar á dag.*

### **Flokkur 2:**

Börn sem þurfa reglulega á aðstoð að halda vegna t.a.m. miðlungs þroskaröskunar, hreyfihömlunar, verulegrar sjón- og heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar eða greindarskerðingar. Einnig alvarlega langveik börn sem þurfa verulega umönnun. Ýmis heilkenni t.d. Down Syndrome, Asperger o.fl.

*Tímafjöldi sérkennslu 1-4 tímar á dag.*

### **Flokkur 3:**

Börn sem þurfa töluverða aðstoð eða þjálfun vegna t.a.m. vægrar þroskaröskunar, alvarlegs athyglisbrests, einbeitingarskorts, hvatvísi eða ofvirkni (misþroska) samfara þroskaskerðingu. Langveik börn sem þurfa sérstaka umönnun vegna t.a.m. flogaveiki.

*Tímafjöldi sérkennslu 1-3 tímar á dag.*

### **Flokkur 4:**

Börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda vegna til að mynda félags- og tilfinningalegra erfiðleika, seinkaðs málþroska eða tvítýngis. Tímabundin aðstoð við leikskóladeild eða leikskóla vegna til að mynda fárra faglærðra starfsmanna, mjög erfiðrar samsetningar barnahóps á deild eða hóppjálfunar í tali eða hreyfingu.

*Tímafjöldi ákvarðaður hverju sinni.*